

Íslensk atvinnugreinaflokkun

ÍSAT 95

2. útgáfa

**HAGSTOFA ÍSLANDS
REYKJAVÍK**

Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95
2. útgáfa

Tölvuvinnsla: Hagstofa Íslands
Prentun og bókbund: G. Ben. Edda prentstofa hf., 1994

ISBN 9979-817-23-2

Formáli

Snemma á árinu 1994 gaf Hagstofan út 1. útgáfu af *Íslenskri atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95*. Sú útgáfa var ætluð til bráðabirgða þar sem líklegt þótti að upplýsingasöfnun Hagstofunnar og endurflokkun fyrirtækja í fyrirtækjaskrá hennar á árinu 1994 leiddi í ljós ágalla, óvissu um flokkun og túlkunarvandamál, væru skilgreiningar einstakra atvinnugreinarnúmera ekki nægilega skýrar. Þetta hefur komið á daginn og því gefur Hagstofan ritið út að nýju. Helstu breytingar frá 1. útgáfu eru þær að nokkrar villur hafa verið leiðréttar, á nokkrum stöðum hefur verið horfið frá sundurliðun og atvinnugreinarnúmer verið sameinuð og í nokkrum tilvikum hefur heitum atvinnugreina eða skilgreiningartextum verið breytt til að auka skýrleika og eyða óvissu um röðun. Þá hefur atriðisorðaskrá verið aukin og endurbætt. Við þetta verk hefur Hagstofan m.a. stuðst við ýmsar ábendingar frá forsvarsmönnum fyrirtækja og sem fyrr notið fulltingis samverkamanna sinna á Þjóðhagsstofnun.

Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95 tekur gildi

í opinberri hagskýrslugerð 1. janúar 1995. Frá þeim tíma verður henni beitt í fyrirtækjaskrá, í launaskýrslum, vinnumarkaðsskýrslum, atvinnuvegaskýrslum og við þjóðhagsreikningagerð. Flokkunin verður ennfremur tekin upp í skattskrá á árinu 1995. Atvinnugreinaflokkunin hefur verið birt með auglýsingu nr. 620 23. nóvember 1994 í B-deild Stjórnartíðinda. Þar er kveðið á um gildistöku hennar 1. janúar 1995 svo og afnám fyrri Atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands frá sama tíma. Sú útgáfa sem hér birtist, er samhljóða auglýsingu Stjórnartíðinda en þetta rit geymir að auki yfirlit yfir flokkunarkerfið, samsvörunarskrár við eldri flokkun auk atriðisorðaskrár sem ætti að auðvelda notkun flokkunarkerfisins til muna.

Um frekari skýringar vísast til formála 1. útgáfu og inngangs þessa rits.

Hagstofu Íslands í desember 1994
Hallgrímur Snorrason

Formáli 1. útgáfu

Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95 er nýtt kerfi fyrir flokkun atvinnustarfsemi í hagskýrslum sem tekur gildi 1. janúar 1995. *ÍSAT 95* er byggð á samræmdri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins sem liggur til grundvallar sams konar flokkunum í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. *ÍSAT 95* leysir af hólmi eldri *Atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar* sem staðið hefur nær óbreytt frá árinu 1970.

Í samningum um Evrópska efnahagssvæðið eru meðal annarra ákvæði um víðtækt samstarf aðildarríkja í hagskýrslugerð. Meginmarkmið þessa samstarfs er að hagskýrslur ríkjanna verði sem mest sambærilegar og samanburðarhæfar og er að því stefnt með samræmingu aðferða, flokkunarkerfa, gagnasöfnunar, úrvinnslu og framsetningu hagskýrslna. Samkvæmt EES-samningnum er samstarf aðildarríkjanna ýmist háð beinum fyrirmælum í reglugerðum og tilskipunum eða að því unnið innan

ramma sérstakrar hagskýrsluáætlunar EES-ríkjanna.

Ein þeirra reglugerða, sem EES-ríkin hafa tekið með formlegum hætti upp í samning sinn, lýtur að flokkun atvinnugreina. Hafa EFTA-ríkin, sem aðild eiga að samningnum, skuldbundið sig til að beita nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins í hagskýrslum sínum frá og með 1. janúar 1995. Í þessu felst að frá og með árinu 1995 muni öll EES-ríkin skilgreina og flokka atvinnustarfsemi með samræmdum hætti í allri hagskýrslugerð og á öllum stigum hennar. Af þessu leiðir að tryggt á að vera að upplýsingar um tiltekna starfsemi eða atvinnugrein í einu ríki verði samanburðarhæfar við sams konar atvinnugreinaupplýsingar í öðrum EES-ríkjum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að flokkun upplýsinga eftir atvinnugreinum þykir áhugaverð á mjög mörgum sviðum hagskýrslugerðar. Til dæmis um þetta má nefna þjóðhagsreikninga með skiptingu heildarframleiðslu, uppruna hagvaxtar o.fl. eftir

atvinnugreinum, atvinnuvegaskýrslur sem sýna rekstur, efnahag, tekjur, vinnuafli, stærðardreifingu fyrirtækja o.fl. eftir atvinnugreinum og sama máli gegnir um vinnumarkaðsskýrslur um atvinnu og atvinnuleysi, tekjuskýrslur og margt fleira.

Fyrir íslenska hagskýrslugerð og stjórn efnahagsmála skiptir meginmáli að unnt sé að bera saman hagtolur eftir atvinnugreinum á eins óyggjandi hátt og kostur er við tölur þeirra ríkja sem Íslendingar eiga mest viðskipti við og bera sig oftast saman við. Að auki er ákvörðun um upptöku nýrrar atvinnugreinaflokkingar hér á landi tímabær þar sem gildandi flokkunarkerfi er orðið mjög gamalt, kemur illa heim við nútíma atvinnustarfsemi á ýmsum sviðum og er ekki nægilega samhæft þeirri flokkun atvinnugreina sem mest er beitt á alþjóðavettvangi og í alþjóðlegum hagskýrslum. Með upptöku íslenskrar atvinnugreinaflokkingar, sem reist er á samræmdu evrópsku kerfi næst það markmið að koma á nýrri flokkun sem tekur mið af núverandi atvinnuháttum og er sambærileg við flokkun annarra þjóða.

Í inngangi hér á eftir er rakið hvernig staðið hefur verið að verki við samningu nýrrar atvinnugreinaflokkingar. Við þetta starf hefur Hagstofan notið liðsinnis starfsmanna fjölmargra stofnana, samtaka og fyrirtækja. Sérstaklega má hér nefna Þjóðhagsstofnun og sérfræðinga hennar, þá Gamalíel Sveinsson og Eyjólf Sverrisson og embætti ríkisskattstjóra, en þar hefur samstarfið mætt mest á Jóni Guðmundssyni. Þá hafa ýmis ráðuneyti og atvinnugreinasamtök lagt þessu verki mikið lið. Hagstofan vill hér með flytja þessum aðilum öllum svo og þeim starfsmönnum þeirra, sem átt hafa hlut að máli, bestu þakkir fyrir liðveislu þeirra.

Af hálfu Hagstofunnar hafa þau Jónína M. Guðnadóttir og Ásmundur Sigurjónsson mest komið að þessu verki ásamt undirrituðum, en Þyri Baldursdóttir hefur annast umbrot þessa rits.

Hagstofu Íslands í janúar 1994
Hallgrímur Snorrason

Efnisyfirlit

	Formáli	3
1.	Inngangur	7
2.	Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95. Skipting í bálka og deildir	15
3.	ÍSAT 95. Yfirlit yfir flokkunarkerfið	17
4.	ÍSAT 95. Flokkunarkerfið með skýringum	37
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	37
B	Fiskveiðar	43
C	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	45
D	Iðnaður	50
DA	Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður; tóbaksiðnaður	50
DB	Textíl- og fataíðnaður	61
DC	Leðuriðnaður	67
DD	Trjáíðnaður	68
DE	Pappírsíðnaður og útgáfustarfsemi	71
DF	Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkuelsneyti	76
DG	Efnaiðnaður	77
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	82
DI	Gler-, leir- og steinefnaíðnaður	85
DJ	Málmiðnaður	90
DK	Vélsmiði og vélaviðgerðir	97
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	104
DM	Framleiðsla samgöngutækja	110
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalin iðnaður	113
E	Veitur	119
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	120
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	125
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	146
I	Samgöngur og flutningar	149
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	156
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	159
L	Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	176
M	Fræðslustarfsemi	181
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	184
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	192
P	Heimilishald með launuðu starfsfólki	202
	Engin starfsemi	202
	Ótilgreind starfsemi	202
Q	Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	203
5.	Lykilskrár milli ÍSAT 95 og Atvinnuvegaflokkunar Hagstofunnar 1970 (ISIC)	205
5.1	Lykill milli gamalla og nýrra atvinnugreinarnúmera	205
5.2	Lykill milli nýrra og gamalla atvinnugreinarnúmera	221
6.	Atriðisorðaskrá	247

1. Inngangur

1. Þróun atvinnugreinaflokkunar á alþjóðavettvangi

Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð. Í henni felst að efnahags- og framleiðslustarfsemi er skipað niður með einhlítum hætti eftir greinum. Tilgangurinn með slíkri skiptingu er þrjúþættur:

a) Flokkunin gefur færi á að unnt sé að bera saman stöðu ólíkra atvinnugreina á tilteknum tíma og þróun þeirra frá einu ári til annars eða yfir lengra tímabil. Með þessu má fá vitneskju um mikilvægi greinanna – atvinnuskiptingu þjóðarinnar – og mismunandi vöxt þeirra og viðgang.

b) Hún gefur kost á athugunum á framvindu innan tiltekinna greina, á umsvifum, rekstri og efnahag, hvort starfsemi hafi farið fram eða aftur.

c) Samhæfð flokkun efnahagsstarfsemi eftir atvinnugreinum í mismunandi ríkjum gefur færi á samanburði milli ríkja sem væri marklaus ef ríkin beittu ekki samræmdu og einhlítu flokkunarkerfi. Af þessum ástæðum hefur um langt árabíl verið lögð mikil áhersla á alþjóðasamstarf um helstu flokkunarkerfi í hagskýrslugerð, lengst af á sviði Sameinuðu þjóðanna en hin síðari ár einnig á sviði Efnahagsstofnunarinnar í París, OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópubandalagsins.

Fyrsta alþjóða atvinnugreinaflokkunin var unnin á vegum Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna og var hún gefin út árið 1948 undir heitinu *International Standard Classification of all economic activities* (skammstafað ISIC). Endurskoðaðar útgáfur af ISIC voru samþykktar árin 1958 (ISIC, 1. endursk.) og 1968 (ISIC, 2. endursk.). Á áttunda áratugnum var enn hafist handa við endurskoðun ISIC. Þessi vinna tók langan tíma og henni lauk ekki fyrr en árið 1989 með samþykkt þriðju endurskoðunar flokkunarkerfisins.

Þrátt fyrir þá alþjóðastöðlu á flokkun atvinnugreina, sem unnin hafði verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, tók Evrópubandalagið upp eigin atvinnugreinaflokkun árið 1970, *Nomenclature générale des Activités économiques dans les Communautés Européennes* (skammstafað NACE). Var ástæðan sú, að ISIC þótti ekki gefa færi á nógu ítarlegri sundurgreiningu þar sem flokkunin var miðuð við þarfir allra ríkja heims án tillits til

efnahagsstigs þeirra fremur en við þarfir þróuðustu iðnríkja. NACE var ekki samrýmanleg ISIC, 2. endursk. Flokkunin var einungis notuð innan Evrópubandalagsins en aðildarríkjunum var þó að nokkru í sjálfsvald sett hvort þau beittu henni eða eigin kerfi við flokkun grunnupplýsinga. Þó skyldi framsetning í hagskýrslum bandalagsins byggð á NACE. EB-ríkin voru sem aðilar að hagskýrslusamstarfi Sameinuðu þjóðanna skuldbundin til að nota ISIC við framsetningu hagskýrslna sinna á alþjóðavettvangi. Notkun NACE hafði og í för með sér erfiðleika við samanburð á atvinnustarfsemi í ríkjum Evrópubandalagsins og í öðrum iðnríkjum. Því var ákveðið að taka yrði upp sameiginlegt flokkunarkerfi fyrir öll ríki bandalagsins en jafnframt skyldi stuðst við kerfi Sameinuðu þjóðanna eftir föngum. Var komið á samstarfsnefnd á vegum hagstofa EB og Sameinuðu þjóðanna um endurskoðun ISIC en ekki náðist samkomulag um eitt sameiginlegt flokkunarkerfi fyrir allan heiminn. Niðurstaðan varð því sú, að Sameinuðu þjóðirnar gáfu út ISIC, 3. endursk., en Evrópubandalagið gaf út NACE, 1. endursk. Þrátt fyrir það er endurskoðun NACE byggð á ISIC, 3. endursk. og samrýmanleg henni en sundurliðun er yfirleitt ítarlegri.

NACE, 1. endursk. var gefin út með reglugerð EB 9. október 1990 (nr. 3037/90). Kveður hún á um að aðildarríki EB séu skyldug til að taka flokkunarkerfið upp frá og með 1. janúar 1993 og beita því jafnt við flokkun grunnupplýsinga sem við framsetningu skýrslna.

Samkvæmt flokkunarkerfinu í NACE, 1. endursk. er atvinnulífið flokkað í atvinnugreinar með fjórum tölustöfum. Umfram þessa skylduflokkun er ríkjunum heimilt að sundurliða atvinnugreinar enn frekar, en þó verður alltaf að vera unnt að fella frekari sundurliðun undir næstu tölu fyrir ofan. Á sviðum þar sem atvinnulíf ríkjanna er mjög fáskrúðugt er einnig heimilt að notast við minni sundurliðun en á fjóra tölustafi.

2. Íslensk atvinnugreinaflokkun

Fyrsta íslenska atvinnugreinaflokkunin, *Atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar*, var gefin út af

Hagstofu Íslands árið 1962 og reist á ISIC, 1. endursk. frá 1958. Þessi flokkun var endurskoðuð árið 1968 og aftur árið 1970 með hliðsjón af viðauka við ISIC, 1. endursk. frá árinu 1964. Frá 1970 hefur gagnger endurskoðun ekki farið fram hér á landi en á sama tíma hafa víðast hvar í nágrannaríkjunum verið notaðar atvinnugreinaflokkarnir sem byggðar eru á ISIC, 2. endursk. Sú útgáfa var aldrei tekin upp hér á landi en nokkur dæmi eru um að henni hafi verið beitt í gagnasöfnum og við framsetningu skýrslna. Fyrir u.þ.b. áratug var Hagstofan komin vel á veg með að þýða og staðfæra ISIC, 2. endursk., en áður en því verki lauk var hafist handa við þriðju endurskoðun ISIC. Þótti þá ekki lengur grundvöllur til nýrrar útgáfu hér á landi og var ákveðið að bíða niðurstöðu þriðju endurskoðunar ISIC. Áður en henni var lokið höfðu EB- og EFTA-ríkin hafið viðræður um samning um Evrópskt efnahagssvæði. Í þeim hluta samningsgerðarinnar, sem laut að hagskýrslum, beindist athyglin m.a. strax að hinni nýju atvinnugreinaflokkun EB, NACE, 1. endursk. og urðu ríkin ásátt um að taka upp þá flokkun fremur en flokkun Sameinuðu þjóðanna.

Skuldbinding sú um atvinnugreinaflokkun, sem EFTA-ríkin gengust undir með EES-samningnum, felur í sér að ríkin beiti NACE, 1. endursk. eða innlendri hliðstæðu hennar með samræmdum hætti frá og með árinu 1995 en þá kemur hagskýrsluhluti samningsins að mestu til framkvæmda. Áskilið er að ríkin flokki grunnupplýsingar eftir fullri sundurliðun NACE á fjóra stafi en þau eru ekki skuldbundin til að láta af hendi gögn eða birta skýrslur sínar í meira en þriggja stafa sundurliðun. Er ástæðan sú að sundurliðun á fjóra stafi er í ýmsum tilvikum svo ítarleg að hætta er á að unnt sé að rekja upplýsingar til einstakra fyrirtækja.

3. ÍSAT 95 – undirbúningur og tilhögun

Sem fyrr segir var reglugerð EB um upptöku NACE, 1. endursk. gefin út árið 1990. Reglugerðin og sjálf flokkunin var þýdd á íslensku í tengslum við gerð EES-samningsins á árunum 1991 og 1992 en þá lágu skýringar og nákvæmar skilgreiningar ekki fyrir. Hagstofan hófst handa við undirbúning nýrrar íslenskrar atvinnugreinaflokkunar árið 1992. Var þá meðal annars leitað fyrirmynda hjá hagstofum annarra ríkja. Varð fljótt ljóst að útgáfa Dana væri heppilegasta fyrirmyndin.

Danska hagstofan, Danmarks Statistik, gaf út nýja atvinnugreinaflokkun, *Dansk Branchekode* (DB93), í mars 1992 með það fyrir augum að taka NACE-flokkunina í notkun í janúar 1993 eins og reglugerð EB fyrirskipar. Danir töldu sig hafa þörf fyrir nákvæmari sundurgreiningu en fjögurra stafa NACE-kerfið leyfir og nota því tvo tölustafi til viðbótar í útgáfu sinni. Auk þess hefur danska útgáfan að geyma ítarlegar lýsingar á þeirri starfsemi sem felst í hverri grein flokkunarinnar.

Íslenska útgáfan er í meginatriðum sniðin eftir dönsku atvinnugreinaflokkuninni en jafnframt var ensk útgáfa Evrópubandalagsins af NACE, 1. endursk. höfð til hliðsjónar. Sem fyrr segir er ástæða þess að stuðst var við dönsku útgáfuna í meiri mæli en sjálfa EB-útgáfuna fyrst og fremst sú að atvinnulíf Dana er í ýmsum atriðum líkara hinu íslenska en almennt er í Evrópu, einkum á sviði stjórnsýslu og félagsþjónustu. Auk þess eru starfsemilýsingar dönsku útgáfunnar mun vandaðri en þær sem koma frá Hagstofu EB og hæfa íslensku atvinnulífi betur.

Strax í upphafi var ljóst að hin mikla sundurliðun, sem Danir beita í mörgum atvinnugreinum, ætti ekki við hér á landi. Á nokkrum sviðum var þó þörf á meiri sundurgreiningu en í NACE og alveg sérstaklega í sjávarútvegi. Var því ákveðið að bæta einum staf við fjögurra stafa NACE-kerfið þannig að íslenska flokkunin yrði alls fimm stafir. Fimmti stafurinn er þó aðeins notaður þar sem þess er talin sérstök þörf þannig að oft falla fjögurra og fimm stafa atvinnugreinarnúmer saman.

Vinna að samningu nýrrar íslenskrar atvinnugreinaflokkunar hófst með þýðingu á sjálfu flokkunarkerfinu í NACE, 1. endursk. Síðan þurfti að bæta inn greinum þar sem sundurliðun kerfisins var ófullnægjandi fyrir íslenskar aðstæður, svo og að þýða og semja starfsemilýsingarnar eftir því sem hæfa þótti fyrir íslenska atvinnugreinaflokkun sem jafnframt þarf að vera alþjóðleg. Við þetta starf naut Hagstofan mikils stuðnings ýmissa opinberra stofnana, samtaka atvinnugreina og fyrirtækja. Fyrstu drögum að nýrri atvinnugreinaflokkun var lokið í febrúar 1993 og voru þau send til umsagnar u.þ.b. 70 samtaka og stofnana í atvinnulífinu, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri. Þegar þessir aðilar höfðu skilað athugasemdum sínum, sem margar voru mjög vandaðar og gagnlegar, var myndaður samstarfshópur starfsmanna á Hagstofu og Þjóðhagsstofnun undir

stjórn hagstofustjóra til að fara yfir drögin og athugasemdir við þau. Hópurinn fór vandlega í saumana á öllum athugasemdum, ráðfærði sig enn við ýmsa aðila og gerði margvíslegar lagfæringar á drögunum. Ný drög að *Íslenskri atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95* lágu fyrir í meginatriðum í byrjun júní 1993. Síðan var unnið að minni háttar lagfæringum, samræmingu texta, gerð atriðisorðaskrár og tengiskráa við eldri flokkun. Því verki lauk í janúar 1994 og var 1. útgáfa flokkunarinnar þá gefin út. Á árinu 1994 hefur Hagstofan unnið að því að skipa fyrirtækjum í fyrirtækjaskrá í atvinnugreinar eftir hinni nýju flokkun. Hefur það verk m.a. verið reist á upplýsingum frá fyrirtækjunum sjálfum sem Hagstofan aflaði með sérstakri könnun. Eins og við var að búast hefur þetta starf leitt í ljós nokkrar villur og hnökra í 1. útgáfu flokkunarinnar. Í þessari útgáfu hefur verið leitast við að lagfæra þess háttar annmarka auk þess sem í nokkrum dæmum hefur verið horfið frá ítrustu sundurliðun og atvinnugreinarúmer verið sameinuð.

Í allri þessari vinnu hefur komið greinilega í ljós að Íslendingum er annar vandi á höndum en flestum öðrum Evrópuþjóðum vegna smæðar og fábreytni í atvinnulífi landsins. Þegar farið er að sundurliða starfsemi atvinnugreina mjög nákvæmlega getur sú staða komið upp hér á landi að sárafá eða jafnvel aðeins eitt fyrirtæki eigi heima í viðkomandi grein. Svo mikil sundurgreining getur því hæglega orðið marklaus. Birting svo sundurliðaðra upplýsinga getur og farið í bág við meginreglu um leyndarskyldu í hagskýrslum. Þetta var haft í huga þegar ákveða varð hvort frekari sundurliðun niður á fimmta tölustaf væri nauðsynleg en að öðru leyti var ekki farið eftir fastmótuðum reglum um hvenær slík sundurliðun skyldi gerð.

4. Flokkunarkerfið

Eins og fram er komið liggur atvinnugreinaflokkun EB, NACE, 1. endursk. til grundvallar íslensku flokkuninni en sú flokkun er aftur byggð í meginatriðum á flokkun Sameinuðu þjóðanna, ISIC, 3. endursk., þó með mun meiri sundurliðun. Grundvöllur sjálfs flokkunarkerfisins er að skipa skyldri starfsemi saman í bálka, deildir, flokka og greinar til þess að unnt sé að flokka starfsemi fyrirtækja og stofnana samkvæmt því. NACE-kerfið er þannig:

- * Fyrsta þrep flokkunarinnar skiptir atvinnuvegum í **bálka** sem merktir eru bókstöfunum A til Q, þó þannig að bálkar C (Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu) og D (Iðnaður) eru greindir niður í undirbálka með tveggja bókstafa kóða. Bálkar og undirbálkar eru 33 að tölu.
- * Annað þrep flokkunarinnar skiptir bálkum (undirbálkum) í **deildir** atvinnuvega og eru þær merktar með tveimur tölustöfum. Deildir eru 62 að tölu.
- * Þriðja þrep flokkunarinnar skiptir deildum í **flokka** atvinnugreina og eru þeir merktir með þremur tölustöfum. Flokkarnir eru 223 að tölu.
- * Fjórða þrep flokkunarinnar skiptir flokkum í einstakar **atvinnugreinar** og eru þær merktar með fjórum tölustöfum. Þessar atvinnugreinar eru 512 að tölu í NACE-flokkuninni, en 495 í *ÍSAT 95*.
- * Punktur er hafður milli tölustafa annars og þriðja þreps. Þetta skiptir máli því punkturinn gegnir beinlínis því hlutverki að greina á milli NACE, 1. endursk. og ISIC, 3. endursk.

Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95 fylgir sama kerfi og NACE með þeim frávikum að nokkrum fjögurra stafa atvinnugreinanúmerum er sleppt og allvíða er atvinnugrein skipt í fleiri greinar. Er þær þá merktar með fimmta tölustafnum og kemur hann á eftir punkti. Til að gæta samræmis eru allar aðrar atvinnugreinar einnig merktar fimm stafa tölu sem þá endar á 0. Við sundurliðun fjögurra stafa greina í fimm stafa atvinnugreinanúmer fjölgar atvinnugreinum um 128. Fjöldi atvinnugreinanúmera er því alls 623 í *ÍSAT 95*.

Þar sem þannig háttar að atvinnugrein er sundurliðuð í fleiri en níu greinar færast fjórði tölustafur upp um eitt sæti og fimmti tölustafur er talinn áfram frá einum með nýju sætistölu. Á þetta við um atvinnugreinarnar 52.48 (Önnur smásala í sérverslunum) og 85.32 (Félagsþjónusta án dvalar á stofnun). Þegar atvinnugrein með fjögurra stafa númeri er skipt í fleiri greinar þannig að eitt fimm stafa númerið er ætlað annarri starfsemi en þeirri, sem þegar hefur verið skilgreind, er sú grein ævinlega merkt sætistölu 9, t.d. 15.20.9 (Önnur ótalin fiskvinnsla).

Eftirfarandi dæmi sýnir flokkunarkerfið:

<i>Dæmi 1:</i>	<i>Blómarækt</i>
<i>01</i>	<i>Landbúnaður og dýraveiðar</i>
<i>01.1</i>	<i>Jarðyrkja og garðyrkja</i>
<i>01.12</i>	<i>Ræktun grænmetis, ylrækt og garðplöntuframleiðsla</i>
<i>01.12.1</i>	<i>Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla</i>
<i>01.12.2</i>	<i>Blómarækt</i>

Auk flokkunarkerfisins sjálfs fylgja lýsingar á þeirri starfsemi sem viðkomandi númer tekur til eins og áður er nefnt. Í langstærstum hluta bókarinnar fylgja lýsingar á fimm stafa númerum, og eru þær settar fram á eftirfarandi hátt:

<i>Dæmi 2:</i>	<i>Lýsing á starfsemi atvinnugreinar</i>
<i>45.44.1</i>	<i>Málningarvinna</i>
	<i>Til þessarar greinar telst:</i>
	<i>- Starfsemi málarameistara</i>
	<i>Þar á meðal er:</i>
	<i>- Málun bygginga innanhúss og utan</i>
	<i>- Brúarmálun og málun vegamerkinga o.fl.</i>
	<i>- Skiltamálun</i>
	<i>Til þessarar greinar telst ekki:</i>
	<i>- Veggfóðrun, sbr. 45.43</i>
	<i>- Bílamálun, sbr. 50.20</i>
	<i>- Húsgagnamálun og lökkun, sbr. 36.14</i>
	<i>- Skipamálun, sbr. 35.11</i>

Þannig hafa lýsingar á starfsemi atvinnugreinar þrenns konar upplýsingar að geyma. Í fyrsta lagi er talið undir fyrirsögninni "Til þessarar greinar telst" hver eru megineinkenni þeirrar starfsemi sem um ræðir. Á eftir fyrirsögninni "Þar á meðal er" er síðan talin upp starfsemi sem í atvinnugreininni felst en kemur þó ekki fram berum orðum í meginlýsingunni. Í þriðja lagi er svo undir fyrirsögninni "Til þessarar greinar telst ekki" talin upp skyld starfsemi sem fellur ekki undir umrædda grein.

5. Frávik frá NACE, 1. endursk.

Á nokkrum sviðum í atvinnugreinaflokkuninni hefur verið vikið frá NACE-kerfinu. Hefur þar í sumu verið

farið að dæmi Dana og notuð heimild til að fella saman fjögurra tölustafa atvinnugreinar þar sem íslenskt atvinnulíf fellur ekki að flokkunarkerfinu. Þessi svið eru:

Þeim flokkum atvinnugreina, sem merktir eru 17.1 (Forvinnsla og spuni á textíltrefjum) og 17.2 (Vefnaður), er skipt í margar greinar í NACE, 1. endursk. eftir tegundum efna. Því er sleppt í íslensku flokkuninni og greinarnar felldar saman undir eitt númer, 17.10.0 og 17.20.0 með sömu fyrirsögnum og deildarnúmerin.

Eins er farið með flokkinn 45.2 (Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð). Honum er ekki skipt frekar í greinar í *Íslenskri atvinnugreinaflokkun* enda þótt honum sé skipt í fimm greinar í NACE, 1. endursk. og Danir noti þrjár þeirra. Atvinnugrein 45.20.0 ber því sama titil og flokksnúmerið. Ástæðan fyrir þessu er sú að talið er að þær greinar, sem tiltekna eru í NACE, séu ekki stundaðar í sérstökum fyrirtækjum hér á landi og íslensk byggingarfyrirtæki séu ekki deildskipt að því marki sem flokkunin krefst. Flokkunin þykir með öðrum orðum ekki raunhæf við aðstæður hér á landi.

Í flokki 45.3 eru NACE-greinarnar 45.31 (Raflagnir) og 45.34 (Önnur lagnavinna) af sömu ástæðu felldar saman í eina grein, 45.31 (Raf- og boðlagnir; starfsemi rafverktaka).

Auk þeirra frávik frá NACE-flokkuninni, sem hér hafa verið nefnd, hefur verið bætt inn í íslenska flokkunarkerfið tveimur deildum sem ekki er að finna í fyrirmyndinni. eru það deildirnar 97 (Engin starfsemi), ætluð undir fyrirtæki sem ýmist eru hætt að starfa eða eru gjaldþrota, og 98 (Ótilgreind starfsemi) þar sem telja skal starfsemi sem ekki er hægt að flokka vegna skorts á upplýsingum svo og fyrirtæki sem hafa ekki hafið starfsemi. Eins og lýst er í kaflanum á undan reyndist einnig þörf fyrir tvö fjögurra stafa númer sem ekki voru fyrir í NACE-flokkuninni, 52.49 (Önnur smásala í sérverslunum, frh.) og 85.33 (Félagsleg þjónusta án dvalar á stofnun, frh.)

Flokkunarkerfi NACE er ekki nægilega sundurgreint fyrir íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs. Því varð að skipta atvinnugreina-númerunum 05.01 (Fiskveiðar) og 15.20 (Fiskvinnsla) í fjölmargar fimm stafa greinar. Þá þótti ástæða til að bæta við flokksnúmerið 15.2 (Vinnsla sjávarafurða) atvinnugreina-númerunum 15.22 og 15.22.0

(Hvalvinnsla). Loks var fyrirsögnum tveggja atvinnugreinarnúmera, 51.38.0 (Heildverslun með fisk og fiskafurðir) og 51.39.0 (Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak) breytt frá því sem er í NACE-kerfinu.

6. Munur á flokkunarkerfinu frá 1970 og hinu nýja Atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar frá 1970 er, eins og komið er fram áður, byggð á fyrstu endurskoðun alþjóðlegu flokkunarinnar, ISIC, sem var fyrst gefin út 1958. Samkvæmt henni voru atvinnuvegir táknaðir með eins stafs tölu (0-9), þeim aftur skipt í aðalgreinar, sem merktar voru tveggja stafa tölu (01, 02 o.s.frv.), en aðalgreinar síðan flokkaðar frekar með þriggja stafa númeri (011, 012 o.s.frv.).

Það liggur í augum uppi að nýja flokkunin, ÍSAT 95, sem gefur möguleika á allt að fimm stafa atvinnugreinarnúmeri, hlýtur að verða mun nákvæmari en hin eldri. Nýja flokkunin telur 485 fjögurra stafa atvinnugreinarnúmer (nokkru færri en NACE-flokkunin sjálf, sem hefur 512), og 623 fimm stafa númer. Til samanburðar má nefna að í atvinnuvegaflokkuninni frá 1970 eru 190 atvinnugreinarnúmer.

Til þess að auðvelda breytinguna frá eldri flokkun til hinnar nýju er í þessu riti settur fram lykill sem annars vegar er vísað úr gömlu númeri í nýtt og hins vegar úr nýju flokkuninni í þá gömlu.

Flokkun viðgerðarstarfsemi er með gerólíkum hætti í nýja flokkunarkerfinu en því gamla. Áður var viðgerðum skipað í sérstakar greinar iðnaðarstarfsemi en samkvæmt ÍSAT 95 verða viðgerðir flokkaðar undir atvinnugreinarnúmer viðkomandi framleiðslu-starfsemi, heildsölu eða smásölu. Undantekning frá þessu eru viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota (52.7) þegar þær tengjast ekki framleiðslunni sjálfri eða sölu hlutanna.

7. Flokkunareglur fyrir fyrirtæki

Áður var vikið að því að grundvöllur flokkunarkerfis fyrir atvinnulífið er að skipa saman sams konar eða skyldri starfsemi. Fyrirtæki og stofnanir eru síðan flokkuð eftir þeirri meginreglu að aðalstarfsemi hverrar einingar ræður flokkunarnúmeri.

Til að skýra þetta nánar er nauðsynlegt að gera grein fyrir nokkrum hugtökum sem ráða úrslitum um hvernig fyrirtæki skulu skráð og starfsemi þeirra flokkuð.

1. *Fyrirtæki* er lögformlegur aðili eða skattaðili sem stundar atvinnurekstur. Það er auðkennt með kennitölu fyrirtækis eða einstaklings ef hann er skattaðilinn.

2. *Rekstrareining*. Reki fyrirtæki fjölþætta starfsemi, þ.e. í fleiri en einni atvinnugrein, er rekstrareining sá hluti starfseminnar sem fellur undir eina tiltekna atvinnugrein (í fjögurra eða fimm stafa sundurliðun). Til þess að slíkur hluti fyrirtækis geti talist rekstrareining verður reikningshald að vera þannig að fyrirtækið geti veitt upplýsingar um a.m.k. framleiðsluverðmæti/veltu, launakostnað og starfsmannafjölda/ársverka einingarinnar. Fyrirtæki, sem starfar aðeins í einni atvinnugrein, telst alltaf ein rekstrareining.

3. *Starfstöð* er sá staður þar sem atvinnustarfsemi er stunduð. Rekstrareining telst hafa eina starfstöð þótt hún sé starfrækt á fleiri en einum stað ef þeir eru innan sama sveitarfélags.

4. *Aðalstarfsemi* fyrirtækis (rekstrareiningar) er sú starfsemi þess sem skilar mestu vinnsluvirði. Upplýsingar um skiptingu vinnsluvirðis fyrirtækis eru oft ekki tiltækar og verður þá að ákvarða aðalstarfsemi þess á grundvelli annarra stærða, sem þekktar eru, svo sem veltu, fjölda ársverka, launagreiðslna ellegar talna um framleiðslu og sölu.

5. *Aukastarfsemi* fyrirtækis er starfsemi í annari atvinnugrein en aðalstarfsemi þess. Aukastarfsemi telst ekki sérstök rekstrareining nema reikningshald hennar sé aðgreint að því marki að unnt sé að gefa upp tölur um umfang rekstrarins, a.m.k. um framleiðsluverðmæti/veltu, launakostnað og starfsmannafjölda eins segir að ofan.

6. *Stoðstarfsemi/stoðdeild* fyrirtækis er þjónustustarfsemi við starfsemi fyrirtækis, sem telst óaðskilinn hluti af aðal- eða aukastarfsemi þess, enda sé afrakstur starfseminnar ekki ætlaður til sölu utan fyrirtækisins. Gildir einu þótt stoðstarfsemi hafi aðskilið reikningshald.

Þegar finna á hvaða flokkunarnúmer á við fyrirtæki er það engum vandkvæðum bundið ef fyrirtækið er ein rekstrareining sem starfar á einum stað. Þegar fyrirtæki stundar margvíslega starfsemi, sem hver fellur undir sitt númer í atvinnugreina-flokkuninni, þarf að grípa til hugtakanna um aðal- og aukastarfsemi til þess að unnt sé að skipa fyrirtæki í rétta atvinnugrein. Nauðsynlegt er að til séu skýrar reglur um hvernig það skal gert.

Áður er nefnd sú meginregla að fyrirtæki er flokkað eftir aðalstarfsemi sinni samkvæmt skilgreiningu í lið 4 hér á undan. Við ákvörðun aðalstarfseminnar er æskilegast að fara eftir vinnsluvirði hennar, þ.e.a.s. virðisaukanum sem til verður hjá fyrirtækinu. Þegar fyrirtæki stundar fleiri en eina starfsemi getur stundum reynst flókið að meta hvaðan mesti virðisaukinn er sprottinn og er þá lagt mat á launagreiðslur eða fjölda starfsmanna annars vegar og/eða framleiðslu eða sölu hins vegar. Ef framleiðsla fer fram á mörgum framleiðslustigum, sem tilheyra hver sinni atvinnugrein, er aðalstarfsemin talin til þeirrar greinar sem lokaframleiðslan fellur undir. Þessi regla á þó því aðeins við að ekki liggja fyrir upplýsingar um milliveltu innan fyrirtækisins. Að öðrum kosti ræður sú starfsemi sem er umfangsmest eins og endranær.

8. Gildistaka – flokkun í fyrirtækjaskrá

Sem fyrr segir er *Íslensk atvinnugreinaflokkun* eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst miðuð við þarfir hagskýrslugerðar og reist á flokkunarkerfi EB fyrir hagskýrslur. Atvinnugreinaflokkun er hins vegar víðast notuð á fleiri sviðum, einkum innan stjórnsýslunnar. Hér á landi er stuðst við atvinnugreinaflokkun m.a. í lögum um virðisaukaskatt, tryggingagjald, iðnaðarmálagjald og iðnlánasjóðsgjald.

Auk þess skiptir atvinnugreinaflokkun og máli við skatteftirlit. Skattskýrslur eru jafnan helsta uppspretta upplýsinga um umsvif, rekstur og efnahag fyrirtækja hér á landi. Hagskýrslugerð um þessi efni byggist á hagnýtingu skattgagna og úrvinnslu úr þeim en ekki á beinni upplýsingasöfnun frá fyrirtækjum eins í flestum öðrum ríkjum. Þetta er mjög mikilvægt því í þessu felst tvenns konar sparnaður; hagskýrslugerðin verður miklum mun ódýrari en ella og fyrirhöfn fyrirtækja af upplýsingagjöf miklum mun minni. Eins og áður hefur verið rakið gegnir atvinnugreinaflokkunin lykilhlutverki í hagskýrslugerð. Hagnýting skattgagna krefst því þess að atvinnugreinaflokkun komi fram í skattskilum fyrirtækja og einstaklinga. Jafnframt er nauðsynlegt að samsvörun sé milli atvinnugreinaflokkunar einstakra eininga í fyrirtækjaskrá og í skattskrá.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, hefur Hagstofan haft náið samráð við ríkisskattstjóra um upptöku atvinnugreinaflokkunarinnar. Er samkomu-

lag um að flokkunin verði tekin upp í skattskrá á árinu 1995.

Í tengslum við upptöku nýju atvinnugreinaflokkunarinnar hyggst Hagstofan breyta fyrirtækjaskrá sinni í nokkrum veigamiklum atriðum. Helstu breytingar eru þessar:

1. Gert er ráð fyrir að auk atvinnugreinarnúmers fyrir aðalstarfsemi fyrirtækis verði skráð atvinnugreinarnúmer fyrir aukastarfsemi fyrirtækja sem stunda fjölbættan atvinnurekstur. Sem meginreglu er við það miðuð að skrá megi atvinnugreinarnúmer fyrir aukastarfsemi í allt að tveimur greinum. Nauðsynlegt kann þó að reynast að skrá fleiri númer í tilteknum greinum, einkum í sjávarútvegi, þar sem rekstur fyrirtækjanna er mjög fjölbættur og nauðsynlegt þykir að fá upplýsingar um sundurliðun hans. Skráning fleiri en eins atvinnugreinarnúmers fyrir einstök fyrirtæki hefur fyrst og fremst þýðingu fyrir sæmilega stór fyrirtæki. Því hafa verið ákveðin tiltekin stærðarmörk fyrir skráningu aukastarfsemi þannig að hver aukagrein fyrirtækis hafi a.m.k. 5 millj. kr. ársveltu og skili a.m.k. 10% af heildarveltu fyrirtækisins.

2. Skrá á pósthöfund starfstöðvar rekstrareiningar hafi einingin aðra bækistöð en aðalstöðvar fyrirtækisins.

3. Taka á upp skráningu einstaklinga í atvinnurekstri sem reka starfsemi sína í nafni eiganda og á kennitölu hans. Þessi skrá, sem verður hliðarskrá við fyrirtækjaskrá, verður reist á skrá ríkisskattstjóra og öðrum tiltækum skrá.

Þessar breytingar eru gerðar í þeim tilgangi fyrst og fremst að bæta samsvörun milli atvinnugreina-merkingar í skattskrá og fyrirtækjaskrá og til að auka gildi fyrirtækjaskrár sem hagskýrsluskrá. Þetta er nauðsynlegt eigi að vera unnt að standa við þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa tekist á hendur með EES-samningnum um samræmda upplýsingagjöf og skýrslugerð.

Undirbúningi að upptöku atvinnugreinaflokkunarinnar hefur verið hagað með eftirfarandi hætti:

1. Starfsemi, sem ekki er talin leika vafi á hver er, og þar sem einhlít samsvörun er milli gömlu og nýju flokkunarinnar, hefur verið endurflokkuð með vélrænum hætti á Hagstofunni. Hér er fyrst og fremst um að ræða ýmsa starfsemi aðra en atvinnurekstur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga, svo sem starfsemi

félagasamtaka, rekstur húsfélaga o. þ.h.

2. Starfsemi opinberra stofnana hefur verið endurflokkuð á Hagstofunni án beins atbeina viðkomandi stofnana.

3. Fyrri hluta ársins 1994 sendi Hagstofan út spurningaeyðublað til atvinnurekenda. Á eyðublaðinu var leitað upplýsinga um raunverulega starfsemi viðkomandi og auk þess um veltu og fjölda ársverka 1993, um pósthfang starfstöðvar o.fl. Á eyðublaðinu kom fram atvinnugrein rekstrarins skv. eldri flokkun og möguleikar á nýrri flokkun, hafi starfsemin verið rétt skráð og rétt flokkuð fram að því. Hafi fyrirtækið verið ranglega skráð og flokkað var óskað upplýsinga um starfsemina. Fyrirtækin voru loks beðin um upplýsingar um aukastarfsemi, væri henni til að dreifa og að því tilskyldu að hún næði þeim viðmiðunarmörkum sem áður var getið.

4. Að fengnum svörum atvinnurekenda hefur Hagstofan farið yfir þau, leitað nánari upplýsinga þegar þess var þörf og flokkað síðan fyrirtækin á grundvelli upplýsinga þeirra sjálfra.

5. Hagstofan hefur miðað vinnu sína að þessu

verkefni við það að hafa lokið endurflokkun á aðalstarfsemi allra aðila á fyrirtækjaskrá fyrir árslok 1994.

6. Fyrirtækjum, sem koma ný á fyrirtækjaskrá á árinu 1994, hefur við skráningu verið skipað í atvinnugrein bæði eftir eldri flokkun og hinni nýju. Eftir 1. janúar 1995 miðast flokkunin við hið nýja kerfi en fyrirtækjunum verður þó út árið 1995 ennfremur gefið atvinnugreinarnúmer eftir eldri flokkun. Þetta er gert til að fá betri samanburðargrundvöll milli kerfanna tveggja svo og til að auðvelda fyrirtækjum aðlögun að hinni nýju flokkun.

Til þess að þessar breytingar beri fullnægjandi árangur er mikilvægt að þau fyrirtæki, sem beita atvinnugreinaflokkun í bókhaldi sínu, geri strax ráðstafanir til þess að taka upp hina nýju flokkun í bókhaldskerfum sínum þannig að þau geti sundurliðað rekstur sinn og vinnuafslnotkun eftir henni við skattskil 1995 vegna ársins 1994. Jafnframt er nauðsynlegt að fyrirtæki veiti Hagstofunni framvegis upplýsingar um allar breytingar á starfsemi sinni sem kunna að valda því að þau færast í nýtt atvinnugreinarnúmer.

2. Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95

Skipting í bálka og deildir

Bálkur		Deildir
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	01-02
B	Fiskveiðar.....	05
C	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	10-14
CA	Námugróftur og vinnsla orkugjafa	10-12
CB	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa	13-14
D	Iðnaður	15-37
DA	Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður; tóbaksiðnaður	15-16
DB	Textíl- og fataíðnaður	17-18
DC	Leðuriðnaður	19
DD	Trjáíðnaður	20
DE	Pappírsíðnaður og útgáfustarfsemi	21-22
DF	Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti	23
DG	Efnaiðnaður	24
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	25
DI	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður	26
DJ	Málmiðnaður	27-28
DK	Vélsníði og vélaviðgerðir	29
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	30-33
DM	Framleiðsla samgöngutækja	34-35
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	36-37
E	Veitur.....	40-41
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	45
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	50-52
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	55
I	Samgöngur og flutningar	60-64
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	65-67
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	70-74
L	Opinber stjónrsýsla; almannatryggingar	75
M	Fræðslustarfsemi	80
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	85
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	90-93
P	Heimilishald með launuðu starfsfólki	95
	Engin starfsemi	97
	Ótilgreind starfsemi	98
Q	Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	99

3. ÍSAT 95. Yfirlit yfir flokkunarkerfið

01			Landbúnaður og dýraveiðar
01.1			Jarðyrkja og garðyrkja
	01.11		Kornrækt, grasrækt og önnur jarðrækt
		01.11.1	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt
		01.11.2	Kartöflurækt
	01.12		Ræktun grænmetis, ylrækt og garðplöntuframleiðsla
		01.12.1	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla
		01.12.2	Blómarækt
	01.13	01.13.0	Ræktun ávaxta og berja
01.2			Búfjárrækt
	01.21	01.21.0	Nautgripærækt
	01.22		Sauðfjárrækt og hrossarækt
		01.22.1	Sauðfjárrækt
		01.22.2	Hrossarækt
	01.23	01.23.0	Svínarækt
	01.24	01.24.0	Alifuglarækt
	01.25		Önnur búfjárrækt
		01.25.1	Blönduð búfjárrækt
		01.25.2	Loðdýrabú
		01.25.9	Önnur ótalin búfjárrækt
01.3	01.30	01.30.0	Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar
01.4			Þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt önnur en dýralækningar
	01.41		Þjónusta við jarðyrkju og garðyrkju
		01.41.1	Þjónusta við jarðyrkju
		01.41.2	Skrúðgarðyrkja
	01.42	01.42.0	Þjónusta við búfjárrækt önnur en dýralækningar
01.5	01.50	01.50.0	Dýraveiðar og tengd þjónusta
02			Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta
02.0	02.01	02.01.0	Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta
	02.02	02.02.0	Þjónusta tengd skógrækt og skógarhöggi
05			Fiskveiðar
05.0			Fiskveiðar og fiskeldi; þjónusta við fiskveiðar
	05.01		Fiskveiðar
		05.01.1	Togaraútgerð
		05.01.2	Útgerð vinnsluskipa
		05.01.3	Útgerð fiskiskipa yfir 10 brl., þó ekki togara og vinnsluskipa
		05.01.4	Smábátaútgerð
		05.01.5	Útgerð hvalveiðiskipa
	05.02		Fiskeldi; veiði í ám og vötnum
		05.02.1	Seiðaeldi
		05.02.2	Land- og kvíaeldi
		05.02.3	Hafbeitarstöðvar
		05.02.4	Eldi sjávardýra
		05.02.5	Ræktun og veiði í ám og vötnum
	05.03	05.03.0	Þjónusta við fiskveiðar

10			Kolanám og móvinnsla
10.1	10.10	10.10.0	Steinkolanám
10.2	10.20	10.20.0	Brúnkolanám
10.3	10.30	10.30.0	Mótekja
11			Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
11.1	11.10	11.10.0	Vinnsla á hráolíu og jarðgasi
11.2	11.20	11.20.0	Tæknipjónusta tengd hráolíu- og jarðgassvinnslu
12			Nám á úran- og þórín málmgrýti
12.0	12.00	12.00.0	Nám á úran- og þórín málmgrýti
13			Málmnám og málmvinnsla
13.1	13.10	13.10.0	Járn nám
13.2	13.20	13.20.0	Nám annarra málma en járn, þó ekki úran- og þórín málmgrýti
14			Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu
14.1			Grjótnám
	14.11	14.11.0	Grjótnám til bygginga og mannvirkjagerðar
	14.12	14.12.0	Kalksteins-, gífs- og krítarnám
	14.13	14.13.0	Flögubergsnám
14.2			Malar-, sand- og leir nám
	14.21	14.21.0	Malar- og sandnám
	14.22	14.22.0	Leir nám, þ.m.t. vinnsla postulínsleirs
14.3	14.30	14.30.0	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar
14.4	14.40	14.40.0	Saltvinnsla
14.5	14.50	14.50.0	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu
15			Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður
15.1			Slátrun og kjötiðnaður
	15.11	15.11.0	Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts, þó ekki alifuglakjöts
	15.12	15.12.0	Slátrun, vinnsla og geymsla alifuglakjöts
	15.13	15.13.0	Kjötiðnaður
15.2			Vinnsla sjávarafurða
	15.20		Fiskvinnsla
		15.20.1	Frysting fiskafurða
		15.20.2	Saltfiskverkun
		15.20.3	Síldarsöltun
		15.20.4	Hersla
		15.20.5	Harðfiskverkun
		15.20.6	Vinnsla á fersku sjávarfangi
		15.20.7	Mjöl- og lýsisvinnsla
		15.20.8	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttanna
		15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla
	15.22	15.22.0	Hvalvinnsla

15.3		Vinnsla ávaxta og grænmetis
	15.31	15.31.0 Vinnsla á kartöflum
	15.32	15.32.0 Framleiðsla ávaxta- og grænmetissafa
	15.33	15.33.0 Önnur ótalin vinnsla ávaxta og grænmetis
15.4		Framleiðsla jurta- og dýraolíu og feiti
	15.41	15.41.0 Framleiðsla óhreinsaðrar olíu og feiti
	15.42	15.42.0 Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti
	15.43	15.43.0 Framleiðsla smjörlíkis og svipaðrar feiti til manneldis
15.5		Mjólkuriðnaður
	15.51	15.51.0 Mjólkurbú og ostagerð
	15.52	15.52.0 Ísgerð
15.6		Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru
	15.61	15.61.0 Framleiðsla á kornvöru
	15.62	15.62.0 Framleiðsla á mjölva og mjölvavöru
15.7		Fóðurframleiðsla
	15.71	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs
		15.71.1 Framleiðsla húsdýrafóðurs
		15.71.2 Framleiðsla fiskeldisfóðurs
		15.71.3 Framleiðsla þörungamjols
	15.72	15.72.0 Framleiðsla gæludýrafóðurs
15.8		Annar matvælaíðnaður
	15.81	15.81.0 Brauðgerðir og bakarí
	15.82	15.82.0 Kex- og kökuframleiðsla
	15.83	15.83.0 Sykurframleiðsla
	15.84	15.84.0 Súkkulaði- og sælgætisgerð; kakóframleiðsla
	15.85	15.85.0 Framleiðsla á pastavörum og svipuðum vörum
	15.86	15.86.0 Te- og kaffi framleiðsla
	15.87	15.87.0 Krydd- og bragðefnaframleiðsla
	15.88	15.88.0 Framleiðsla á jafnblönduðum matvælum, sjúkra- og sérfaði
	15.89	15.89.0 Annar ótalin matvælaíðnaður
15.9		Drykkjarvöruíðnaður
	15.91	15.91.0 Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja
	15.92	15.92.0 Framleiðsla á hráum spíritus
	15.93	15.93.0 Framleiðsla á léttu víni
	15.94	15.94.0 Framleiðsla annarra ávaxtavína
	15.95	15.95.0 Framleiðsla á vermút og svipuðum vintegundum
	15.96	15.96.0 Bjórgerð
	15.97	15.97.0 Maltgerð
	15.98	15.98.0 Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
16		Tóbaksiðnaður
	16.0	16.00 16.00.0 Tóbaksiðnaður
17		Textíliðnaður
	17.1	17.10 17.10.0 Forvinnsla og spuni á textíltrefjum
	17.2	17.20 17.20.0 Vefnaður
	17.3	17.30 17.30.0 Frágangur á textílum
	17.4	17.40 17.40.0 Framleiðsla á tilbúinni textílvöru annarri en fatnaði
		17.40.1 Seglagerðir
		17.40.2 Framleiðsla textílvöru til heimilis- og innanhússnota

		17.40.9	Önnur framleiðsla á tilbúinni textílvöru
17.5			Framleiðsla annarrar textílvöru
	17.51	17.51.0	Framleiðsla á teppum og mottum
	17.52		Framleiðsla á köðlum, garni og netum; veiðarfæragerð
		17.52.1	Framleiðsla á köðlum, garni og netum
		17.52.2	Veiðarfæragerð
	17.53	17.53.0	Framleiðsla á trefjadúk, ekki ofnum, og vörum úr honum, þó ekki fatnaði
	17.54	17.54.0	Framleiðsla annarrar ótalinnar textílvöru
17.6	17.60	17.60.0	Framleiðsla á hekl- og prjónvöð
17.7			Framleiðsla á prjónaðri og heklaðri vöru
	17.71	17.71.0	Sokkaframleiðsla
	17.72	17.72.0	Peysuframleiðsla
18			Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna
18.1	18.10	18.10.0	Framleiðsla á leðurfatnaði
18.2			Framleiðsla á fatnaði, þó ekki leðurfatnaði, og fylgihlutum
	18.21	18.21.0	Framleiðsla á vinnufatnaði
	18.22	18.22.0	Framleiðsla á yfirfatnaði, þó ekki vinnufatnaði
	18.23	18.23.0	Framleiðsla á undirfatnaði
	18.24	18.24.0	Framleiðsla á öðrum ótöldum fatnaði og fylgihlutum
18.3	18.30	18.30.0	Sútun og litun loðskinna; framleiðsla úr loðskinnum
19			Leðuriðnaður
19.1	19.10	19.10.0	Sútun á leðri
19.2	19.20	19.20.0	Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og skyldum vörum og reiðtygjum
19.3	19.30	19.30.0	Framleiðsla á skófatnaði
20			Trjáíðnaður
20.1	20.10	20.10.0	Sögun, heflun og fúavörn á viði
20.2	20.20	20.20.0	Framleiðsla á krossviði, spónarplötum o.þ.h.
20.3	20.30		Framleiðsla úr byggingartimbri og smíðaviði ásamt öðrum efniviði
		20.30.1	Framleiðsla einingahúsa og byggingareininga úr viði og öðrum efniviði
		20.30.9	Framleiðsla annars efnis til húsasmíða úr viði og öðrum efniviði
20.4	20.40	20.40.0	Framleiðsla á umbúðum úr viði
20.5			Framleiðsla annarrar viðarvöru; framleiðsla vöru úr korki, hálm og fléttiefnum
	20.51	20.51.0	Framleiðsla annarrar viðarvöru
	20.52	20.52.0	Framleiðsla vöru úr korki, hálm og fléttiefnum
21			Pappírsiðnaður
21.1			Framleiðsla á pappírskvoðu, pappír og pappa
	21.11	21.11.0	Framleiðsla á pappírskvoðu
	21.12	21.12.0	Framleiðsla á pappír og pappa
21.2			Framleiðsla á pappírs- og pappavöru
	21.21	21.21.0	Framleiðsla á bylgjupappa og umbúðum úr pappír og pappa
	21.22	21.22.0	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa

21.23	21.23.0	Framleiðsla á skrifpappír og skrifstofuvörum úr pappír og pappa
21.24	21.24.0	Framleiðsla veggfóðurs
21.25	21.25.0	Framleiðsla annarrar pappírs- og pappavöru
22		Útgáfustarfsemi og prentiðnaður
22.1		Útgáfustarfsemi
22.11		Bókaútgáfa
	22.11.1	Bókaútgáfa með starfrækslu eigin prentsmiðju
	22.11.2	Bókaútgáfa án starfrækslu eigin prentsmiðju
22.12		Dagblaðaútgáfa
	22.12.1	Dagblaðaútgáfa með starfrækslu eigin prentsmiðju
	22.12.2	Dagblaðaútgáfa án starfrækslu eigin prentsmiðju
22.13	22.13.0	Tímaritaútgáfa
22.14	22.14.0	Útgáfa á hljóðrituðu efni
22.15	22.15.0	Önnur útgáfustarfsemi
22.2		Prentiðnaður og tengd starfsemi
22.21	22.21.0	Prentun dagblaða
22.22		Önnur prentun
	22.22.1	Offsett- og hæðarprentun
	22.22.2	Sáldprentun
	22.22.9	Önnur ótalin prentun
22.23	22.23.0	Bókband og frágangur prentaðs máls
22.24	22.24.0	Prentsmíð
22.25	22.25.0	Önnur starfsemi tengd prentiðnaði
22.3		Fjölföldun upptekins efnid
22.31	22.31.0	Fjölföldun hljóðritaðs efnis
22.32	22.32.0	Fjölföldun myndefnis
22.33	22.33.0	Fjölföldun tölvuefnis
23		Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti
23.1	23.10	23.10.0 Koxframleiðsla
23.2	23.20	23.20.0 Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum
23.3	23.30	23.30.0 Framleiðsla efna til kjarnorkueldsneytis
24		Efnaiðnaður
24.1		Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar
24.11	24.11.0	Framleiðsla á iðnaðargasi
24.12	24.12.0	Framleiðsla á lit og litarefnum
24.13	24.13.0	Framleiðsla á öðrum ólífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar
24.14	24.14.0	Framleiðsla á öðrum lífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar
24.15	24.15.0	Framleiðsla á tilbúnum áburði o.fl.
24.16	24.16.0	Framleiðsla á plasthráefnum
24.17	24.17.0	Framleiðsla á gervigúmmí til úrvinnslu
24.2	24.20	24.20.0 Framleiðsla á skordýra- og illgresiseyði og öðrum efnum til nota í landbúnaði
24.3	24.30	24.30.0 Framleiðsla á málningu, þekju-, fylli- og þéttiefnum
24.4		Framleiðsla á lyfjum og hráefnum til lyfjagerðar
24.41	24.41.0	Framleiðsla á hráefnum til lyfjagerðar

	24.42	24.42.0	Lyfjagerð
24.5			Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum, ilmvatni og snyrtivöru
	24.51	24.51.0	Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum
	24.52	24.52.0	Ilmvatns- og snyrtivöruframleiðsla
24.6			Annar efnaiðnaður
	24.61	24.61.0	Framleiðsla á sprengiefnum
	24.62	24.62.0	Límframleiðsla
	24.63	24.63.0	Framleiðsla á rokgjörnum olíum
	24.64	24.64.0	Framleiðsla á efnum til ljósmyndagerðar
	24.65	24.65.0	Framleiðsla á hljóð- og myndböndum, seguldiskum og segulböndum fyrir tölvur
	24.66	24.66.0	Annar ótalin efnaiðnaður
24.7	24.70	24.70.0	Framleiðsla gervipráðar
25			Gúmmí- og plastvöruframleiðsla
25.1			Gúmmívöruframleiðsla
	25.11	25.11.0	Framleiðsla á gúmmíhjólborðum og hjólbarðaslöngum
	25.12	25.12.0	Sólun notaðra hjólbarða
	25.13	25.13.0	Önnur gúmmívöruframleiðsla
25.2			Plastvöruframleiðsla
	25.21	25.21.0	Framleiðsla á plötum, rörum o.þ.h. úr plastefnum
	25.22	25.22.0	Framleiðsla á umbúðaplasi
	25.23	25.23.0	Framleiðsla á byggingarvörum úr plasti
	25.24		Önnur plastvöruframleiðsla
		25.24.1	Framleiðsla á plastvörum til nota í sjávarútvegi
		25.24.9	Önnur ótalin plastvöruframleiðsla
26			Gler-, leir- og steinefnaiðnaður
26.1			Gleriðnaður
	26.11	26.11.0	Framleiðsla á glerplötum
	26.12	26.12.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri
	26.13	26.13.0	Framleiðsla gleríláta
	26.14	26.14.0	Glerullarframleiðsla
	26.15	26.15.0	Annar gleriðnaður
26.2			Framleiðsla á leirvöru til annarra nota en bygginga
	26.21	26.21.0	Framleiðsla á nytjaleirmunum og skrautmunum
	26.22	26.22.0	Framleiðsla á hreinlætistækjum úr leir og postulíni
	26.23	26.23.0	Framleiðsla á einangrurum og einangrunarefni úr postulíni
	26.24	26.24.0	Framleiðsla annarrar leirvöru til tæknilegra nota
	26.25	26.25.0	Önnur leirmuna- og postulínsgerð
	26.26	26.26.0	Framleiðsla eldfastrar leirvöru
26.3	26.30	26.30.0	Framleiðsla á flisum og hellum úr leir og postulíni
26.4	26.40	26.40.0	Framleiðsla á byggingarvörum úr brenndum leir
26.5			Framleiðsla á sementi, kalki og gifsi
	26.51	26.51.0	Sementsframleiðsla
	26.52	26.52.0	Kalkframleiðsla
	26.53	26.53.0	Gifsframleiðsla
26.6			Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gifsi

	26.61	26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	
	26.62	26.62.0	Framleiðsla á byggingarefni úr gífsi	
	26.63	26.63.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	
	26.64	26.64.0	Framleiðsla steinlíms	
	26.65	26.65.0	Framleiðsla á vörum úr trefjasementi	
	26.66	26.66.0	Framleiðsla annarrar vöru úr steinsteypu, sementi og gífsi	
26.7	26.70	26.70.0	Steinsmíði	
26.8			Annar steinefnaiðnaður, þó ekki málmíðnaður	
	26.81	26.81.0	Framleiðsla slípisteina og slípiefna	
	26.82		Steinullarframleiðsla, þakpappa-, malbiksframleiðsla o.fl.	
		26.82.1	Steinullarframleiðsla	
		26.82.2	Þakpappaframleiðsla	
		26.82.9	Annar ótalin steinefnaiðnaður, þó ekki málmíðnaður	
27			Framleiðsla málma	
	27.1	27.10	27.10.0	Járn- og stálframleiðsla; framleiðsla spegiljárns
	27.2			Röraframleiðsla
		27.21	27.21.0	Framleiðsla steypujárns- og steypustálsröra
		27.22	27.22.0	Framleiðsla járn- og stálröra
	27.3			Önnur frumvinnsla á járn og stáli og framleiðsla járnblendis, þó ekki spegiljárns
		27.31	27.31.0	Kalldráttur
		27.32	27.32.0	Kaldvölsun flatjárns og flatstáls
		27.33	27.33.0	Kaldmótun
		27.34	27.34.0	Vírdráttur
		27.35	27.35.0	Önnur ótalin frumvinnsla á járn og stáli; framleiðsla járnblendis, þó ekki spegiljárns
	27.4			Frumvinnsla góðmálma og framleiðsla málma sem ekki innihalda járn
		27.41	27.41.0	Framleiðsla góðmálma
		27.42	27.42.0	Álframleiðsla
		27.43	27.43.0	Blý-, sink- og tinframleiðsla
		27.44	27.44.0	Koparframleiðsla
		27.45	27.45.0	Framleiðsla annarra málma sem ekki innihalda járn
	27.5			Málmsteypa
		27.51	27.51.0	Járnsteypa
		27.52	27.52.0	Stálsteypa
		27.53	27.53.0	Málmsteypa úr léttmálmum
